



FJÖLBRAUTASKÓLI
VESTURLANDS

Annáll vorannar 2015

Kennsla á vorönn 2015 hófst þriðjudaginn 6. janúar. Kennslu lauk miðvikudaginn 29. apríl og síðustu próf voru haldin 18. maí. Önninni lýkur svo þegar skólameistari slítur þessari samkomu og þeir 56 nemendur sem nú útskrifast hafa fengið skírteini sín afhent.

Í febrúar voru nemendur Fjölbrautaskólans 484 talsins en í fyrra voru þeir 520. Skýrist það m.a. af stórrí útskrift fyrir síðustu jól.

Eldri nemendur eru tæp 20% nemenda skólans sem er nokkuð færri en undanfarnar annir, munar þar mestu um stóran hóp sjúkraliða sem útskrifaðist um síðustu jól, stærsti hluti fullorðinna nemenda er í svokölluðu dreifnámi. Dreifnámsnemendur eru í fjarnámi en mæta í skólann nokkrum sinnum á önninni, gjarnan á kvöldin og um helgar. Þannig getur fólk sótt skóla en jafnframt stundað vinnu. Dreifnámið hefur einnig gert fólki sem býr utan Akraness mögulegt að ljúka námi þó það sé komið yfir hefðbundinn skólaaldur og sé í fullri vinnu í sinni heimabyggð. Næsta haust verður boðið uppá nám í vélvirkjun, húsasmíði, húsgagnasmíði, sjúkraliðanámi og meistaranámi í dreifnámi

Fjöldi nemenda 16 til 20 ára er svipaður og verið hefur. Karlar eru 60% nemenda en konur 40%. Það eru aðeins fleiri konur en karlar á stúdentsbrautum en karlar eru í miklum meirihluta í iðnnáminu og konur í sjúkraliðanámi.

Nú í lok vorannar láta fimm kennarar af störfum en það er þeir Jens Baldursson aðstoðarskólameistari, Bjarnþór Kolbeins deildarstjóri í stærðfræði, Jón Árni Friðjónsson sögukennari, Margrét Þorvaldsdóttir og Þuríður Elfa Jónsdóttir kennarar á starfsbraut. eru þessum starfsmönnum færðar þakkir fyrir störf þeirra við skólann. Marta Dögg Pálmadóttir kennari á starfsbraut kemur úr leyfi á næstu önn og Gunnar Magnússon verður í námsleyfi á næsta skólaári. Hafdís Fjóra Ásgeirsdóttir lætur af störfum aðstoðarskólameistari nú í sumar en Hafliði Páll Guðjónsson hefur verið ráðinn aðstoðarskólameistari frá 1. ágúst næst komandi. Ágústa Elín Ingbórsdóttir tók við starfi skólameistara 1. janúar síðast liðinn.

Opnir dagar og árshátíð voru haldin í mars sem og stærðfræðikeppnin fyrir grunnskóla.

Nemendur tíundu bekkja Brekkubæjarskóla, Grundaskóla og Heiðarskóla heimsóttu okkur í febrúar og fengu leiðsögn um skólann í fylgd nemenda Fjölbrautaskólans. Kynningin tókst vel og eru nemendum okkar sem tóku þátt í þessu færðar þakkir fyrir þeirra framlag. Opið hús var haldið í febrúar þar sem nemendur og forráðamenn gátu komið og kynnt sér skólann. Auk þess fór skólameistari ásamt nemendum í kynningaferðir í grunnskóla á Vesturlandi.

Gettu betur lið skólans, þau Anna Eze, Elmar Gísli Gíslason og Jón Hjörvar Valgarðson gerði það gott á önninni og komust alla leið í undanúrslit.

Leiklistarklúbburinn setti upp leikritið Grease, þetta var flott sýning sem sló öll aðsóknarmet.



FJÖLBRAUTASKÓLI
VESTURLANDS

Sævar Snorrason keppti fyrir hönd NFFA í söngvakeppni framhaldsskólanna sem fram fór í apríl.

Nemendur tóku þátt í Morfís en okkar lið var skipað þeim Elvari Gísla Gíslasyni, Vigdís Erlu Sigmundsdóttur, Ólafi Vali Sigurðssyni og Starra Reynissyni.

Nemendur á starfsbraut tóku þátt í hæfileikakeppni starfsbrauta.

Linda María Rögnvaldsdóttir og Þorri Líndal Guðnason fóru fyrir hópi nemenda við FVA sem tóku þátt í landskeppni ungra vísindamanna með verkefnið „Aðgengi ungmenna að tóbaki“. Þau lentu þar í þriðja sæti.

Aðalstjórn nemendafélagsins nú á vorönn var skipuð eftirtöldum nemendum: Þorsteinn Bjarki Pétursson kjörinn formaður og með honum í stjórn voru Aldís Rós Hrólfsdóttir, Elínborg Egilsdóttir, Heiðmar Eyjólfsson, Sindri Snær Alfreðsson og Björn Ingi Bjarnason.

Á þessari önn voru eftirtaldir nemendur í forsvari fyrir klúbba nemendafélagsins: Elmar Gísli Gíslason fyrir Viskuklúbb, Þorri Líndal Guðnason fyrir Ljósmyndaklúbb, Heiðmar Eyjólfsson, Helgi Sigurðsson og Sindri Snær Alfreðsson fyrir Tónlistarklúbb, Atli Víkar Ingimundarson og Jón Hjörvar Valgarðsson fyrir Íþróttaklúbb, Þorsteinn Bjarki Pétursson og Heiðmar Eyjólfsson fyrir leiklistarklúbb og Kristinn Gauti Gunnarsson fyrir kvikmyndaklúbb.

Við þökkum nemendum fyrir vel unnin störf að félagsmálum.

Ný stjórn nemendafélagsins fyrir næsta skólaár var kosin í apríl. Formaður fyrir næsta skólaár var kjörinn Sævar Berg Sigurðsson. Með honum í stjórn verða Finnur Ari Ásgeirsson, Jón Hjörvar Valgarðsson, Linda María Rögnvaldsdóttir og Magðalena Lára Sigurðardóttir. Sjötti stjórnarmaður verður kjörinn úr hópi nýnema í ágúst.

Á þessari önn hefur mikil vinna farið fram við skipulagningu nýrra námsbrauta, því eins og flestir framhaldsskólar landsins bjóðum við upp á þriggja ára stúdentsbrautir næsta haust. Á næsta ári verða námsbrautir til iðn- og starfsnáms endurskoðaðar. Ein af þeim nýjungum sem teknar verða upp í haust er afreksíþróttasvið þar sem þeim nemendum sem stunda íþróttir gefst kostur á að æfa sína íþrótt að hluta til á skólatíma, einnig er skólinn í viðræðum við Tónlistaskóla Akraness um aukið samstarf og stuðning við þá nemendur sem vilja ná langt á tónlistarsviðinu.

Læt ég nú lokið annál vorannar 2015 og óska ykkur sem útskrifist frá skólanum til hamingju með þann áfanga sem þið hafið nú náð. Þið megið vera stolt af því að hafa lokið námi við Fjölbrautaskóla Vesturlands og við sem hér störfum erum stolt af ykkur og því sem þið vinnið gott í framtíðinni.

Dröfn Viðarsdóttir